



17. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Fjarfundur • föstudagur 7. janúar 2022 kl. 12:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Einar Karl Birgisson (EKB), Jón Bender (JB), Herbert S. Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB) og Erlingur Hannesson (EH).

Guðrún Kristmundsdóttir (GK) boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri (KGP) og Snorri Örn Arnaldsson mótastjóri (SÖA).

HSJ og SÖA rituðu fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar ekki verið send út.

2. Félagaskipti og leikheimildir leikmanna félaga v/frestaðara leikja v/COVID

Að beiðni félags tekur stjórnin fyrir hvort gera eigi breytingar á leikheimildum leikmanna, þannig að nýir leikmenn gætu spilað frestaða leiki v/COVID-19. Góðar og miklar umræður um málið. Stjórnin ákvað að gera engar breytingar að svo komnu máli, þannig að aðeins þeir leikmenn sem voru löglegir þegar leikur átti upphaflega að fara fram eru löglegir. Öðru máli gegnir um undanúrslit og úrslit VÍS bikarsins þar sem þeir leikir voru færðir í keppnisdagatali um rúma tvo mánuði.

3. Önnur mál

Ákveðið að halda upplýsinga- og spjallfund með formönnum aðildarféлага í næstu viku.

Fleira var ekki bókað og fundi slitið kl. 12:55

Ákvarðanir:

- Félagaskipti og leikheimdir leikmanna v/frestaðara leikja vegna COVID óbreyttar.

